


gallerí  
KLAUSTUR  
2007

Svala Ólafsdóttir

Á meðan hún sefur

27. 7 - 16.8





### *Verkin mín*

Myndir sem eiga uppruna sinn í heimi minninga og rykugra bóka á háloftum heimsins eru viðfangsefni verka minna. Það er úr vöggu hinnar íslensku frásagnarhefðar sem áhugi minn á innihaldi og söguþræði sagna kemur. Ég er þó ekki sögukona í hinum hefðbundna skilningi þess orðs, öllu heldur frásagnarlistakona. Í ljósmynda samsetningum mínum sem ég kalla „myndhugsanir“ bregð ég á leik með því að leysa upp og slíta úr samhengi söguþráðinn. Þannig endurraða ég og velti upp nýjum hliðum á hinu hefðbundna frásagnarferli. Með tilraunum mínum reyni ég að skapa nýja skynjun og móta nýja heima ímyndana, drauma og ævintýra, þar sem áhorfandinn getur umbreytt ferli og framvindan sögunnar eftir því frá hvaða sjónarhorni hann skoðar verkin.

## SVALA ÓLAFSDÓTTIR



*Allt er svo undrahljótt Ljósm. Svala Ólafsdóttir*

### *Verkin á sýningunni*

1. Allt er svo undrahljótt
2. Lofn hún sefur.
3. Líður hjá í ljúfum draumi
4. roðnandi rósina dala.

Öll verkin á sýningunni eru ljósmynduð með Canon EOS 10D myndavél.



**Svala Ólafsdóttir** er fædd og uppalin á Selfossi í Árnessýslu. Hún hefur búið í Bandaríkjunum frá 1997.

### **Menntun / Education**

Svala lauk MA gráðu í myndlist frá University of Texas í El Paso 2005 og mun ljúka MFA prófi frá New Mexico State University í Las Cruces 2008 þar sem hún fæst einnig við kennslu í ljósmyndun og listfræði.

### **Sýningar / Exhibitions**

Svala hefur sýnt víða í Bandaríkjunum og Mexíkó en þetta er önnur einkasýning hennar á Íslandi á þessu ári.

*Nánari upplýsingar um Svölu og verk hennar má nálgast á:  
[www.photosvala.com](http://www.photosvala.com)*